

Umhverfisstofnun
Áb. _____
27. des. 2010
10.50
Tilv. _____

Sveitarfélagið Ölfus  
Sigurður Jónsson,  
skipulags- og byggingarfulltrúi  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 22. desember 2010  
Tilvísun: UST20101100051/6aj


### Sjóvarnir við Skötubót

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð sjóvarnargarðar í Skötubót neðan golfvallarins í Þorlákshöfn. Fyrirhugaður varnargarður verður um 200 m langur og er ráðgert að raða „dolosum“ ofan á kjarnalag sem sett verður í fjöruna. Gert er ráð fyrir að nota um 5 m<sup>3</sup>/m og raða þar ofan á 150 „dolosum“. Í erindinu kemur fram að um er að ræða umfangslitlar framkvæmdir sem taka til afmarkaðs svæðis og að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru áhrif á landslag og sjónræn áhrif. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er ekki á svæði á náttúruuminjaskrá og á svæðinu eru hvorki jarðmyndanir né vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun tekur undir álit sveitarfélagsins á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, þ.e. að þau séu staðbundin og nái til afmarkaðs svæðis en áhrif verða neikvæð á landslag ásamt því að sjónræn áhrif verða neikvæð. Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að erfitt verður að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar vegna eðlis hennar en framkvæmdin kann þó að vera að mestu afturkræf. Að framansögðu gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd. Ef þörf reynist að stækka umrædda sjóvörn telur stofnunin nauðsynlegt að leitað verði annarra leiða til að verja landið en að nota „dolosu“ enda hafa þeir töluverð sjónræn áhrif og áhrif á landslag.

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Sérfræðingur